

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 20. mars kl. 09:08, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 766. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Birkir Ingibjartsson, Sólveig Sigurðardóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Ólafur Melsted, Ingvar Jón Bates Gíslason, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Hulda Einarsdóttir og Björn Ingi Edvardsson.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- Nökkvavogur 8, breyting á deiliskipulagi** (01.441) Mál nr. SN200059
Skjalnr. 13953

Ásta Huld Eiríksdóttir, Nökkvavogur 8, 104 Reykjavík
540212-2790 Verkfræðistofa Ívars Hauks ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 var lögð fram umsókn Ívars Haukssonar dags. 24. janúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis vegna lóðarinnar nr. 8 við Nökkvavog. Í breytingunni felst að byggingarreit fyrir bílskúr er breytt þannig að bílskúrin verður sambyggður húsi, heimilt verður að nýta þak bílskúrs sem svalir og nýr byggingarreitur er skilgreindur fyrir anddyri á norðurhlið hússins, samkvæmt uppdr. verkfræðistofu Ívars Haukssonar ehf. dags. 17. mars 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Nökkvavogi 4, 6, 10 og 12, Karfavogi 11, 13 og 15 og Skeiðarvogi 20.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
- Kárástígur 7, breyting á deiliskipulagi** (01.182.3) Mál nr. SN200155
Skjalnr. 14183

691004-2790 Kurt og Pí ehf, Skólavörðustíg 2, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Kurt og Pí ehf. dags. 6. mars 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kárástígsreits vegna lóðarinnar nr. 7 við Kárástíg. Í breytingunni felst að heimilt verði að hækka þak viðbyggingar sem snýr að baklöd þannig að byggingin verði kjallari og tvær hæðir í stað kjallari, hæð og ris, samkvæmt uppdr. Kurt og Pí ehf. dags. 5. mars 2020.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Kárástíg 5 og 9 og Frakkastíg 20 og 22.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

3. **Krosshamrar 5, breyting á deiliskipulagi** (02.294.7) Mál nr. SN200058
Skjalnr. 12652
Sæmundur Gunnarsson, Krosshamrar 5, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. febrúar 2020 var lögð fram umsókn Sæmundar Gunnarssonar dags. 23. janúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna Krosshamra 5A, lóð nr. 5 við Krosshamra. Breytingin felst í því að byggingarreitur er stækkaður til vesturs um 4.0 x 3.7 m eða um 14.8 fm., samkvæmt uppdr. RÚM arkitekta dags. 12. febrúar 2020. Einnig eru lagðir fram skuggavarsuppr. RÚM arkitekta mótt. 15. mars 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Krosshömrum 7, 7A, 9. og 9A.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*
4. **Logafold 138, (fsp) breyting á notkun** (02.871.6) Mál nr. SN200170
bílskúrs Skjalnr. 11173
700896-2429 Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf., Síðumúla 3, 108 Reykjavík
Þorsteinn Kristjánsson Jóhannsson, Kleppsvegur 118, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 16. mars 2020 ásamt bréfi dags. 8. mars 2020 um að breyta notkun vélskúrs lóð nr. 138 við Logafold í íbúð fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
5. **Háaleitisbraut 52-56, (fsp) - 52 - Ljósastari** (01.284.402) Mál nr. BN057426
efst á norðurgafli Skjalnr. 11498
Stefán Albertsson, Háaleitisbraut 52, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgangslufundi byggingarfulltrúa frá 17. mars 2020 þar sem spurt er hvort að leyfi fengist til að setja ljósastara efst í miðju á norðurgafli og á hann að lýsa upp bílastæði og gangstétt á lóð nr. 52 við Háaleitisbraut.
Erindi fylgir ljósmynd af húsi, reikniforrit frá Reykjafell sem sýnir birtu dreifingu og gerð af ljósi.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
6. **Laugalækur 22-34, (fsp) - 32 - Gluggar og** (01.347.102) Mál nr. BN057430
tvöföld glerhurð Skjalnr. 14255
Heiðar Ingi Svansson, Laugalækur 32, 105 Reykjavík
Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir, Laugalækur 32, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgangslufundi byggingarfulltrúa frá 17. mars 2020 þar sem spurt er hvort leyfi fengist til að stækka glugga og koma fyrir tvöfaldri glerhurð út á svalir á hús nr. 32 á lóð nr. 22 til 34 við Laugalæk.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
7. **Breiðholt 1, breyting á deiliskipulagi** (04.6) Mál nr. SN190641
Skjalnr. 7893
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds varðandi breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 1. Í breytingunni felst að færa núv. grenndarstöð sem er á bílastæði samsíða Arnarbakka á núverandi snúningshaus við Leirubakka, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 6. janúar 2020. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Ólafur Gylfason dags. 4. febrúar 2020, Helgi Kristófersson dags. 5. febrúar 2020, íbúaráð Breiðholts dags. 4. mars 2020 og Helgi Kristófersson dags. 12. mars 2020 ásamt undirskriftalista 60 aðila við Leirubakka.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

8. **Kjalarnes, Esjumelar, breyting á deiliskipulagi - R19070109** (34.2) Mál nr. SN190542
Skjalnr. 10184
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi á athafnarsvæðinu við Esjumela á Kjalarnesi. Í breytingunni felst helst að skipulögð er um 5 hektara lóð fyrir Malbikunarstöðina Höfða þar sem fyrirtækið hyggst starfsemi sína á Esjumela. Felldar eru niður aðrar 12 lóðir og sameinaðar í eina stóra, sett eru ákveðin skilyrði fyrir lóðina og fylgir m.a. mat á umhverfisþáttum breytingar með tillögunni. Einnig eru nokkrar lóðir sem skilgreindar voru fyrir dreifstöðvar OR felldar út og möguleiki gefinn á að stækka aðliggjandi lóðir, auk þess er gerð breyting á lóðarstærð við Silfursléttu o.fl., samkvæmt uppdr. Landmótunar sf. dags. 22. október 2019. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir/umsögn: Mosfellsbær dags. 28. febrúar 2020, Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi dags. 12. mars 2020 og Veitur dags. 12. mars 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Umhverfisstofnunar dags. 17. febrúar 2020.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
9. **Skólavörðuholt, breyting á deiliskipulagi** (01.19) Mál nr. SN190644
Skjalnr. 9233
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds um breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts. Í breytingunni felst að fjögur núv. bílastæði við austurenda Hallgrímskirkju verði breytt í grenndarstöð, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 6. janúar 2020. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar
10. **Tryggvagata, breyting á deiliskipulagi** (01.118) Mál nr. SN200007
Skjalnr. 8850
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna svæðis sem nær eftir Tryggvagötu frá gatnamótum Grófarinnar í vestri að Pósthússtræti í austri og lóðar Tollhússins. Í breytingunni felst að lóðarmörkum tollhússins eins og þau eru sýnd á lóðarblaði frá 4. júní 1993 er breytt. Á svæðinu sem breytingin nær til verða heimil 3 bílastæði fyrir hreyfihamlaða og 1 þjónustustopp fyrir rekstraraðila í Tryggvagötu. 7 bílastæði eru á lóð tollhússins, samkvæmt uppdr. Landmótunar sf. dags. 13. desember 2019. Einnig er lagður fram skýringaruppdr. Landmótunar sf. dags. 28. desember 2019. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar
11. **Vogabyggð svæði 1, Kleppsmýrarvegur, breyting á deiliskipulagi vegna smáhýsa** (01.45) Mál nr. SN200010
Skjalnr. 13136
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði I vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi við Kleppsmýrarveg. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstaðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 3 smáhýsum á nýrri lóð, samkvæmt uppdr. Trípolí arkitekta dags. 7. janúar 2020. Einnig er lagt fram bréf Faxaflóahafna sf. dags. 17. janúar 2020. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar

12. **Hesthúsabyggð á Hólmsheiði, breyting á** (05.8) Mál nr. SN200018
deiliskipulagi Skjalnr. 8008
Að lokinni auglýsingu er lögð er fram að nýju tillaga Umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir hesthúsabyggð á Hólmsheiði vegna tilfærslu á Rauðavatnslínu 1 sem liggur innan skipulagsmarka hesthúsabyggðarinnar vegna 1. áfanga Korpulínu jarðstreng. Breytingin er tilkomin vegna breytinga á núverandi Rauðavatnslínu milli tengivirkjana á Geithálsi og tengivirkis A12 sem liggur nú í loftlínu milli reiðstígs og vatnslögn vestast á skipulagssvæðinu. Lagður verður nýr 132 kv jarðstrengur í stað núverandi loftlínu sem verður fjarlægð eftir spennusetningu strengsins, samkvæmt uppdr. VSÓ ráðgjafar dags. 16. desember 2019. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 12. mars 2020.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
13. **Úlfarsárdalur, útivistarsvæði, breyting á** (02.6) Mál nr. SN200017
deiliskipulagi Skjalnr. 9615
Lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Úlfarsárdal útivistarsvæði vegna 1.áfanga Korpulínu jarðstreng. Vegna breytinga á aðflutningskerfi Landsnets á milli tengivirkjana við Korpu og á Geithálsi, þá er gert ráð fyrir tilfærslu á Korpulínu 1 og nýrri legu hennar í jarðstreng sem mun liggja meðfram Reynisvatnsvegi norðanmegin, um 30 m frá veginum milli hringtorgsins við Fellsveg og Lambhagaveg og einnig mun jarðstrengurinn liggja yfir dalinn og Úlfarsá austanmegin Lambhagavegar í Úlfarsárdal. Lagður verður nýr 132 kv jarðstrengur í stað núverandi loftlínu sem verður fjarlægð eftir spennusetningu strengsins, samkvæmt uppdr. VSÓ ráðgjafar dags. 16. desember 2019. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 12. mars 2020.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
14. **Úlfarsárdalur, hverfi 2, breyting á** (02.6) Mál nr. SN200016
deiliskipulagi Skjalnr. 9615
Að lokinni auglýsingu er lögð er fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Úlfarsárdal hverfi 2 vegna 1. áfanga Korpulínu jarðstreng. Vegna breytinga á aðflutningskerfi Landsnets á milli tengivirkjana við Korpu og á Geithálsi, þá er gert ráð fyrir tilfærslu á Korpulínu 1 og nýrri legu hennar í jarðstreng sem mun liggja meðfram Lambhagavegi í Úlfarsárdal. Lagður verður nýr 132 kv jarðstrengur í stað núverandi loftlínu sem verður fjarlægð eftir spennusetningu strengsins, samkvæmt uppdr. VSÓ ráðgjafar dags. 16. desember 2019. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 12. mars 2020.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
15. **Vesturlandsvegur, Hallar, breyting á** (04.301.2) Mál nr. SN200019
deiliskipulagi Skjalnr. 6412
Að lokinni auglýsingu er lögð er fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Vesturlandsvegs, Halla vegna 1. áfanga Korpulínu jarðstreng. Vegna breytinga á aðflutningskerfi Landsnets á milli tengivirkjana við Korpu og á Geithálsi, þá er gert ráð fyrir tilfærslu á Korpulínu 1 og nýrri legu hennar í jarðstreng sem mun liggja meðfram Lambhagavegi í Úlfarsárdal og fylgja göngustígnum austanmegin götu. Lagður verður nýr 132 kv jarðstrengur í stað núverandi loftlínu sem verður fjarlægð eftir spennusetningu strengsins, samkvæmt uppdr. VSÓ ráðgjafar dags. 16. desember 2019. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 12. mars 2020.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra
16. **Ellidavað 13-17, 13 - Sólskáli** (04.791.603) Mál nr. BN057418
Skjalnr. 14254

Stefán Metúsalem Ómarsson, Elliðavað 13, 110 Reykjavík
Birna Gísladóttir, Elliðavað 13, 110 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. mars 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta byggingarleyfi BN036526 og byggja sólskála yfir austursvalir og yfir hluta svala til vesturs á raðhúsi nr. 13, mhl.01, á lóð nr. 13-15 við Elliðavað.

Stækkun: 37,1 ferm., 111,1 rúmm. Erindi fylgir ódagsett undirritað samþykki eigenda nr. 15 og 17. Gjald kr. 11.200

Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

17. **Grandagarður 2, (fsp) breyting á** (01.01) Mál nr. SN200162
deiliskipulagi Skjalnr. 6936
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
551217-3450 SKIPAN ehf., Austurstræti 18, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 11. mars 2020 um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2 við Grandagarð sem felst í uppbyggingu á lóð, samkvæmt tillögum Plúsarkitekta ehf. dags. 10. mars 2020.
Vísad til umsagnar hjá verkefnisstjóra.
18. **Ægisgata 5, (fsp) hækkun húss að hluta til og** (01.132.0) Mál nr. SN200144
gera þakgarð Skjalnr. 8511
Þóra Ásgeirsdóttir, Grímarstaðir 4, 311 Borgarnes
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. mars 2020 var lögð fram fyrirspurn Þóru Ásgeirsdóttur dags. 2. mars 2020 um að hækka húsið á lóð nr. 5 við Ægisgötu, yfir íbúð 0503, um eina hæð ásamt því að koma fyrir þakgarði, samkvæmt uppdr. Zeppelin arkitekta ehf. dags. 14. júní 2004. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. mars 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 20. mars 2020.
19. **Ásvallagata 13, Stækkun á svölum 1.og** (01.162.303) Mál nr. BN057386
2.hæð Skjalnr. 10838
Halla Helgadóttir, Ásvallagata 13, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. mars 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að setja svalir á suðurhlíð 1. og 2. hæðar íbúðarhúss á lóð nr. 13 við Ásvallagötu.
Erindi fylgir samþykki lögráðamanns og lögerfingja eiganda íbúðar 01-0101 dags 4. mars 2020, afrit af skipunarbréfi lögráðamanns dags. 6. febrúar 2019, greinargerð hönnuðar dags 25. febrúar 2018 og afrit af tölvupósti er varðar lokaúttekt. Gjald kr. 11.200
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
20. **Efstasund 77, Br. á BN055715, endurgerð** (01.410.117) Mál nr. BN057277
þaks og nýjar svalir Skjalnr. 13946
Ísak Thorberg Gunnarsson, Efstasund 77, 104 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. mars 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055715 þannig að þakformi er breytt og nýjar svalir settar á hús á lóð nr. 77 við Efstasund.
Gjald kr. 11.200
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
21. **Gufuneshöfði, breyting á deiliskipulagi** (02.2) Mál nr. SN200163
Skjalnr. 12335
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Kanon arkitekta ehf. dags. 11. mars 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna Gufuneshöfða. Í breytingunni felst að leyfileg hæð masturs verði um 15 metrar í stað 10 metrar ásamt því að akfær aðkomuslóði verður varanlegur en ekki tímabundin, samkvæmt uppdrætti Kanon arkitekta ehf. dags. 17. mars 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Umhverfisstofnunar dags. 18. mars 2020 þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við erindið.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Leiðhömrum 31,37, 39, 46, 48, 50, 52, 54, og 56. og Krosshömrum 10,12,14,16,18, 20 29 og 33.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

22. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030,**

Mál nr. SN190246

Skjalnr. 5987

Korpulína, breyting á aðalskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. nóvember 2019 uppf. 21. janúar 2020 að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Tillaga að breytingu nær annarsvegar til legu Korpulínu 1 milli tengivirkisins við Geitháls að tengivirki Korpu við Vesturlandsveg og hinsvegar til lítilsháttar breytingar á legu Rauðavatnslínu 1, frá Geithálsi að aðveitustöð við Suðurlandsveg. Einnig er lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 18. desember 2019. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Minjastofnun Íslands dags. 9. mars 2020.

Vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags.

23. **Kópavogur, breyting á Aðalskipulagi**

Mál nr. SN200178

Skjalnr. 8439

Kópavogs 2012-2024 - Fannaborg og

Traðarreitur-vestur vinnslutillaga

700169-3759 Kópavogsbær, Digranesvegi 1, 200 Kópavogur

Lagt fram erindi Kópavogsbæjar dags. 13. mars 2020 þar sem óskað er eftir umsögn vegna tillögu að breytingu á gildandi aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2012-2024 sem felst í þróun á Fannborgarreit og Traðarreit-vestur fyrir þéttingu byggðar.

Vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:37.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir